

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/114/EB

2019/EES/6/01

frá 16. september 2009

um breytingu á tilskipun ráðsins 87/372/EBE um tíðnisvið sem taka á frá fyrir samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun ráðsins 87/372/EBE (3), sem tilmæli ráðsins frá 25. júní 1987 um samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins (4) og ályktun ráðsins frá 14. desember 1990 um lokastig samræmdrar opunar almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins (GSM) (5) koma til viðbótar, var viðurkennd nauðsyn þess að

fullnýta þær auðlindir, sem liggja í nútíma fjarskiptanetum, einkum þráðlausum fjarskiptabúnaði (e. *mobile radio*), í þágu efnahagslegrar þróunar innan Bandalagsins. Einnig hefur verið bent á hið einstaka tækifæri sem gefst með flutningi yfir til annarrar kynslóðar stafræns farnets (e. *cellular digital mobile communications*) til þess að koma á sannarlega samevrópsku farneti.

2) Tíðnisviðin 890-915 MHz og 935-960 MHz voru tekin frá fyrir almennt, samevrópskt stafrænt farnet (e. *public pan-European cellular digital mobile communications*), sem veita skyldi í hverju aðildarríkjanna í samræmi við sameiginlega forskrift, sem er þekkt sem GSM. Síðar varð svokallað rýmkað tíðnisvið (880-890 MHz og 925-935 MHz) aðgengilegt fyrir GSM-kerfið og saman kallast þessi tíðnisvið 900 MHz-sviðið.

3) Síðan 1987 hefur verið þróuð ný stafræn, þráðlaus fjarskiptatækni sem gerir nýstárleg samevrópsk rafræn fjarskipti möguleg og getur verið samhliða GSM-kerfum á 900 MHz tíðnisviðinu í hlutlausara reglugerðarumhverfi en áður í tæknilegu tilliti. Útbreiðslueiginleikar 900 MHz tíðnisviðsins eru góðir, þar sem það dregur lengra en svið með hærri tíðni og auðveldar útbreiðslu nútíma radd-, gagna- og margmiðlunarþjónustu til strjálbýlla svæða og dreifbýlis.

4) Til að stuðla að því að markmiðum innri markaðarins verði náð, og markmiðum orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júní 2005 sem ber heitið „i2010 – upplýsingasamfélagið í Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu“, en viðhalda jafnframt aðgengi notenda í allri Evrópu að GSM-kerfinu, og til að hámarka samkeppni með því að bjóða notendum breitt úrval á sviði þjónustu og tækni, ætti 900 MHz tíðnisviðið að vera aðgengilegt annars konar tækni í því skyni að veita sambærilega og þróaða samevrópska viðbótarþjónustu sem myndi vera samhliða GSM-kerfinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 25.

(1) Álit frá 25. febrúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Álit Evrópuþingsins frá 6. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.

(3) Stjtið. EB L 196, 17.7.1987, bls. 85.

(4) Stjtið. EB L 196, 17.7.1987, bls. 81.

(5) Stjtið. EB C 329, 31.12.1990, bls. 25.

- 5) Framtíðarnotkun 900 MHz tíðnisviðsins og einkum það hve lengi GSM-kerfið verður viðmiðunartæknin fyrir samhliða tækni á sviðinu hefur afgerandi þýðingu fyrir innri markaðinn. Hana skal kanna, ásamt öðrum málum varðandi stefnu Bandalagsins um þráðlausan aðgang, í framtíðarstefnuáætlunum varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar, sem verða samþykktar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽¹⁾. Í þessum áætlunum verða sett fram stefnumið og markmið fyrir stefnumótandi áætlanagerð um notkun tíðnirófa í nánú samstarfi við hópinn til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (RSPG) sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB ⁽²⁾.
- 6) Það að auka frelsi í notkun 900 MHz tíðnisviðsins gæti hugsanlega leitt til röskunar á samkeppni. Einkum gætu tilteknir farnetsrekendur (e. *mobile operators*), sem hafa ekki fengið úthlutaða tíðni á 900 MHz tíðnisviðinu, lent í slæmri stöðu hvað varðar kostnað og hagkvæmni í samanburði við rekstraraðila sem munu geta veitt þriðju kynslóðar þjónustu á því tíðnisviði. Samkvæmt regluramma um rafræn fjarskipti, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ⁽³⁾, geta aðildarríkin breytt og/eða endurskoðað afnotarétt af tíðnirófi og þannig haft úrræði til að bregðast við þess háttar hugsanlegri röskun þar sem þörf reynist.
- 7) Innan sex mánaða eftir að tilskipun þessi öðlast gildi skulu aðildarríkin lögleiða tilskipun 87/372/EBE með áorðnum breytingum. Þótt þetta þýði ekki í sjálfu sér að aðildarríkin þurfi að breyta gildandi afnotarétti eða að hefja heimildarferli verða aðildarríkin að uppfylla kröfur tilskipunar 2002/20/EB þegar 900 MHz tíðnisviðið hefur verið gert aðgengilegt í samræmi við þessa tilskipun. Við það skulu þau einkum kanna hvort framkvæmd þessarar tilskipunar geti raskað samkeppni á viðkomandi farnetsmörkuðum (e. *mobile markets*). Verði niðurstaðan sú, skulu þau taka til athugunar hvort rökstutt sé á hlutlægan hátt, og hóflegt sé, að breyta afnotarétti þeirra rekstraraðila sem var veittur afnotaréttur af 900 MHz tíðni og, ef við á, að endurskoða þennan afnotarétt og endurúthluta honum í því skyni að takast á við slíka röskun. Sérhver ákvörðun um slíkar aðgerðir skal tekin að undangengnu samráði við almenning.
- 8) Tíðnirófi sem gert er aðgengilegt samkvæmt þessari tilskipun skal úthlutað á gagnsæjan hátt og þannig að tryggt sé að engin röskun á samkeppni verði á viðomandi mörkuðum.
- 9) Til að önnur kerfi geti verið samhliða GSM-kerfum á sama tíðnisviði skal koma í veg fyrir skaðlegar truflanir með því að beita viðeigandi tæknilegum notkunarskilyrðum fyrir aðra tækni en GSM, sem notar 900 MHz tíðnisviðið.
- 10) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽⁴⁾ er framkvæmdastjórninni gert kleift að samþykkja tæknilegar framkvæmdarráðstafanir til að tryggja samhæfð skilyrði að því er varðar aðgengi og skilvirka notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar.
- 11) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar hafa Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) tekið saman tækniskýrslur sem sýna fram á að altæka farsímakerfið (UMTS-kerfið) geti verið samhliða GSM-kerfum á 900 MHz tíðnisviðinu. Því ætti að opna 900 MHz tíðnisviðið fyrir UMTS-kerfið, sem er kerfi sem getur verið samhliða GSM-kerfum, og fyrir önnur kerfi, um leið og hægt er að sýna fram á að þau geti verið samhliða GSM-kerfum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar vegna samþykktar samhæfðra skilyrða að því er varðar aðgengi og skilvirka notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar. Ef aðildarríki ákveður að úthluta afnotarétti fyrir kerfi sem nota forskriftina UMTS 900 mun beiting ákvörðunarinnar um tíðnisvið fyrir þráðlausar sendingar og ákvæði tilskipunar 2002/21/EB tryggja að slík kerfi séu varin fyrir skaðlegum truflunum frá öðrum kerfum í rekstri.
- 12) Tryggja skal viðeigandi vörn milli notenda þeirra tíðnisviða, sem þessi tilskipun tekur til, og notenda sem fyrir eru á aðliggjandi tíðnisviðum. Ennfremur ætti að taka tillit til fyrirhugaðra kerfa fyrir fjarskipti í flugi yfir 960 MHz, sem auðvelda uppfyllingu stefnumiða Bandalagsins á þessu sviði. Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu hafa veitt tæknilega ráðgjöf hvað þetta varðar.
- 13) Auka skal sveigjanleika í stjórnun tíðnirófa og auka aðgang að tíðnirófum í þeim tilgangi að stuðla að því að markmiðum innri markaðarins á sviði rafrænna samskipta verði náð. Því ætti 900 MHz tíðnisviðið að vera opið fyrir önnur kerfi svo hægt sé að veita aðra samevrópska þjónustu um leið og hægt er að sýna fram á að þau kerfi geti verið samhliða GSM-kerfum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 198, 27.7.2002, bls. 49.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

- 14) Breyta ber tilskipun 87/372/EBE til að hægt verði að taka í notkun nýja stafræna tækni á 900 MHz tíðnisviðinu samhliða GSM-kerfum, og tíðnisviðið skal ekki lengur vera frátekið fyrir GSM eingöngu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 87/372/EBE

Tilskipun 87/372/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera tíðnisviðin 880-915 MHz og 925-960 MHz (900 MHz-sviðið) aðgengileg fyrir GSM-kerfin og UMTS-kerfin, ásamt öðrum jarðstöðvakerfum sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptáþjónustu sem geta verið samhliða GSM-kerfum, í samræmi við tæknilegar framkvæmdarráðstafanir samþykktar samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) (*),

2. Við framkvæmd þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin kanna hvort núverandi úthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu til farnetsrekenda, sem eru í samkeppni á yfirráðasvæði þeirra, sé líkleg til að raska samkeppni á viðkomandi farnetsmörkuðum og, sé það rökstutt og hóflegt, skulu þau bregðast við slíkri röskun í samræmi við 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) (**).

(*) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

(**) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.“

2. í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „GSM-kerfi“: rafrænt samskiptanet sem er í samræmi við GSM-staðla eins og þeir eru birtir af

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), einkum EN 301 502 og EN 301 511,

- b) „UMTS-kerfi“: rafrænt samskiptanet sem er í samræmi við UMTS-staðla eins og þeir eru birtir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, einkum EN 301 908-1, EN 301 908-2, EN 301 908-3 og EN 301 908-11.“,

3. í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. maí 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.“,

4. ákvæði 4. gr. falli brott.

2. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. MALMSTRÖM

forseti.